

Nd.

547. Nefndarálit

[205. mál]

um frv. til l. um Kennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum og rætt það við hæstv. menntamálaráðherra og fulltrúa frá samtökum barnakennara og framhaldsskólakennara.

Frv. hefur hlotið langan og góðan undirbúning, og hafa allir aðilar, sem það snertir, sameinast um að óska eftir afgreiðslu þess á núverandi þingi.

Menntamálanefnd mælir með samþykkt frv. með þremur breytingum, sem fram kemur tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Ragnhildur Helgadóttir,
fundaskr.

Einar Olgeirsson.

Alfreð Gíslason, Óskar Jónsson.